

GÁTLISTI

fyrir náms- og starfsráðgjafa um ráðgjöf og fræðslu í skólum óháð kyni

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skulu skólar leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir barna og ungmenna. Starfshættir skólanna skulu mótast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa öll kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir öll til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu öll taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis.

Samkvæmt grein 7.4 í aðalnámskrá á skólinn að vera griðastaður barna þar sem þau finna til öryggis, fá tækifæri til að þroska og nýta hæfileika sína og njóta bernsku sinnar. Hlutverk náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda, styðja þá og aðstoða í þeim málum er snerta nám, líðan og framtíðaráform og skuldbinda sig því til að skapa öruggt, heilbrigt og styðjandi umhverfi fyrir alla nemendur þannig að öllum líði sem best í skólanum og nái sem bestum námsárangri. Til að ná því þarf að aðstoða nemendur við að auka þekkingu á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum. Notast þarf við inngildandi orðalag þ.e. orðalag sem útilokar engan og vera meðvituð um jafnrétti allra nemenda, óháð kyni, kynvitund, kyntjáningu eða öðrum breytum sem geta valdið mismunun. Með því að fjarlægja hlutdrægni og staðalímyndir er skapað umhverfi sem stuðlar að þroska og styður við hæfni hvers og eins nemanda. Sem dæmi má nefna að rannsóknir benda til þess að strax í leikskóla sýna ung börn fram á grunnþekkingu á staðalímyndum kynjanna. Þau taka þátt í kynjaskiptingu í gegnum leik og athafnir sem hefur síðan áhrif á óskir þeirra um störf og starfsmarkmið (Mulvey & Killen, 2015). Þegar börn síðan halda áfram að þróa sjálfsmynd sína byrja þau að útiloka starfsgreinar sem þau telja ekki samrýma sjálfsmynd sinni og endurskoða þær ekki nema þau séu sérstaklega hvött til þess (Gottfredson, 1996; Gottfredson & Lapan, 1997; Oliveira et al., 2020).

Hinsegin nemendur upplifa fjölbreyttar áskoranir sem geta haft áhrif á nám þeirra og félagslegan og tilfinningalegan þroska. Náms- og starfsráðgjafar þurfa að vera meðvitaðir um þessar áskoranir (innan skólans) og þeim ber að vera talsmenn hinsegin nemenda. Þar af leiðandi er það hlutverk náms- og starfsráðgjafa að styðja við vitundarvakningu innan síns skóla ásamt því að stuðla að jöfnum tækifærum allra nemenda með því að vera vakandi fyrir skaðlegum áhrifum staðalímynda um kynhlutverk og brjóta niður staðalímyndir um kynbundna hegðun og væntingar. Náms- og starfsráðgjafar leitast þannig markviss við að vinna gegn neikvæðum eða takmarkandi skilaboðum innan skólans og að koma í veg fyrir mismunun með beinni eða óbeinni þjónustu við nemendur.

Grunnþættir menntunar; læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans og getur þessi gátlisti hér fyrir neðan verið liður í þeirri gagnaöflun.

1. SAMSKIPTI VIÐ NEMENDUR

- Er líkamstjáning og svipbrigði hlutlaus gagnvart nemendum óháð kyni?
- Er orðalag kynhlutlaust og án aðgreiningar? Dæmi: „Öll“ í stað „allir“ eða „fólk“ í stað „menn“
- Eru kröfur og væntingar til nemenda þær sömu óháð kyni?

2. KENNSLUHÆTTIR OG KENNSLUGÖGN

- Er námskrá/kennsluáætlanir án aðgreiningar?
- Stuðla kennsluhættir, kennslugögn og námskrár að jafnrétti kynjanna?
- Geta allir nemendur speglað sig á einhvern hátt í kennsluefninu?
- Veitir skólinn nemendum jöfn námstækifæri óháð kyni/kynvitund?
- Er lögð áhersla á að kynna öllum nemendum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf?

3. UMHVERFI OG MENNING

- Er kveðið á um kynjajafnrétti í jafnréttisáætlun skólans?
- Er náms- og starfsráðgjafi meðvitaður um skaðlegar staðalímyndir kynjanna og kynhlutverk?
- Útvega stjórnendur og/eða náms- og starfsráðgjafi fræðslu til kennara og annars starfsfólk skólans um kynjajafnrétti og staðalímyndir?
- Er skólamenningin/bekkjarmenningin/skólabragurinn inngildandi fyrir öll kyn?
- Er meðvitað reynt að brjóta niður og/eða ögra rótgrónum staðalímyndum kynjanna í leik og starfi innan skólans?
- Hefur einhver starfsemi skólans/ bekkjarins jákvæð áhrif á öll kyn? Er einhver starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á einstaklinga sem falla ekki inn í kynjatvíhyggjuna?
- Hefur verið gerð úttekt á aðstöðu og umhverfi skólans með tilliti til trans og kynsegin nemenda?

4. STUÐNINGUR OG SAMSTARF

- Veitir skólinn nemendum stuðning og frelsi til að skilgreina kyn sitt og viðurkenningu á því?
[Lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði](#)
- Veitir skólinn stuðning/ráðgjöf til nemenda sem þess óska varðandi kynhneigð og/eða kynvitund?
- Er náms- og starfsráðgjafi meðvitaður um áhrif fjölskyldu/foreldra nemenda á líðan þeirra og þroska?
- Er samstarf við foreldra? Varðandi kynvitund/kyntjáningu?
- Er markvisst brugðist við aðstæðum sem ýta undir ójöfnuð, fordóma eða útilokun?
- Getur náms- og starfsráðgjafi bent nemendum og fjölskyldum á úrræði sem í boði eru?

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni hinsegin fólks. Einnig skal þess gætt að öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.